

057/01 - Freyr GK 157

Freyr GK 157, skipverji slasast þegar hann fellur í stiga

Freyr GK 157

Skipaskr.nr.: 11

Smíðaður: Molde Noregi 1963 Stál

Stærð: 185,00 brl; 281,00 bt

Lengd: 35,48 m **Breidd:** 6,87 m **Dýpt:** 5,70 m

Vél: Wartsila 736,00 kW **Árgerð:** 1977

Annað:

Földi skipverja: 16



Atvikalýsing

Þann 2. júní 2001 var Freyr GK 157 á línuveiðum út af Snæfellsnesi. Veður: SV 10 m/sek.

Upp úr hádegis var skipverji sem var á frívakt á leið niður stiga frá stjórnþalli. Í um það bil miðjum stiganum rann hann til og hrasaði niður á gang fyrir neðan stigann. Siglt var með skipverjann í land í Ólafsvík þar sem honum var komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram

- að stigin er 11 þrep og 2,65m á hæð;
- að breidd stigans er 73,5 cm, framstig 20 cm og uppstig 21,5 cm;
- að samkv. ljósmyndum er stigin mjög brattur;
- að ekki var hálkuvörn á stigaprepum;
- að sögn vitnis snéri hinn slasaði hælum í þrepin;
- að sögn skipstjóra hefur skipshöfn verið margvöruð við að ganga rétt um stigann;
- að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekist að ná í hinn slasaða.

Nefndarálit

Nefndin telur orsök slyssins vera aðgæsluleysi hins slasaða við að fara með þessum hætti niður brattan stigann þrátt fyrir tilmæli um annað.

Nefndin telur að það ætti að vera metnaður manna að gera viðsjárverða stiga þannig að ítrasta öryggis sé gætt s.s. með góðum hálkuvörnum í þrepum. Nefndin telur einnig að skrifleg aðvörun þurfi að vera á áberandi stað með leiðbeiningum um hvernig eigi að bera sig að í svona bröttum stigum.

Tillögur í öryggisátt

Nefndin vill beina því til Siglingastofnunar að gert sé sérstakt átak í skoðun á stigum um borð í skipum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að illa búnir stigar séu slysagildirur fyrir skipverja.